



## Álagningarreglur fasteignagjalda í Sveitarfélaginu Hornafirði árið 2023

### **FASTEIGNASKATTUR**

Álagning fasteignaskatts er gerð samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum, en þar segir meðal annars:

Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra. Sveitarstjórn ákveður fyrir lok árs skatthlutfall næsta árs innan þeirra marka sem greinir í a- og c-lið.

Skatthlutfall skal vera sem hér segir:

A. Allt að 0,5% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, hesthús, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

B. Allt að 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum:

Sjúkrastofnanir skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

C. Allt að 1,32% af fasteignamati, ásamt lóðarréttindum:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka um allt að 25% hundraðshluta af A- og C- flokki.

### **Fasteignaskattsprósentan í Sveitarfélaginu Hornafirði er:**

**0,37% í A-flokki, íbúðarhúsnæði.**

**1,32% í B-flokki, opinbert húsnæði.**

**1,65% í C-flokki, atvinnuhúsnæði.**

### **LÓÐARLEIGA**

Leigugjaldið **1%** af fasteignamati lóðar.

### **VATNSGJALD**

Álagning vatnsgjalds er gerð samkvæmt 7. og 8. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81, 27. des.1991 og breytingum á þeim lögum gerðum 1995 (lög .r 149), en þar kemur fram að sveitarstjórn skuli ákveða upphæð vatnsgjalds, sem má vera allt að 0,4% af stofni, sem er fasteignarmat að viðbættu lóðarmati.

Vatnsgjald er **0,155%**.

### **HOLRÆSAGJALD**

Holræsagjald reiknast samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá.

Holræsagjald er **0,335%**.



## **SORPGJALD**

Sorpgjald ákvarðast af sveitarstjórn skv. samþykktri gjaldskrá.

Sorphreinsigjald er föst upphæð **31.950 kr.** á hverja gjaldeiningu og almennt sorpurðunargjald er föst upphæð, **19.290 kr.** á hverja gjaldeiningu. Samtals sorpgjöld eru því **51.240 kr.** á gjaldeiningu, sbr. [gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Hornafirði.](#)

## **AFSLÁTTUR ELLI- OG ÖRORKULÍFEYRISÞEGA**

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar sem eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði fá afslátt af fasteignaskatti samkvæmt reglum bæjarstjórnar þar um. Ekki þarf að sækja sérstaklega um afslátt.

Afslátturinn er reiknaður til bráðabirgða við álagningu út frá öllum skattskyldum tekjum einstaklings eða hjóna/sambúðarfólks, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjum samkvæmt síðasta skattframtali. Þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna síðasta árs, í júní ár hvert, er afsláttur endurskoðaður og leiðréttur.

## **ÁLAGNINGARSEÐLAR OG INNHEIMTA**

Álagningarseðlar eru birtir rafrænt á Íbúagátt sveitarfélagsins [ibuagatt.hornafjordur.is](http://ibuagatt.hornafjordur.is) og á vefsíðunni [www.island.is](http://www.island.is). Álagningarseðlar eru sendir með bréfpósti til fasteignaeigenda sem eru 70 ára og eldri og til fyrirtækja.

Kröfur vegna fasteignagjalda eru birtar í heimabanka greiðanda. Ekki er veittur staðgreiðsluafsláttur af fasteignagjöldum. Gjald dagar eru 11, sá fyrsti 1. febrúar. Greiðsluseðlar eru eingöngu sendir til þeirra sem hafa óskað sérstaklega eftir því. Þeir sem óska eftir að fá álagningar- eða greiðsluseðla senda á pappírformi eru beðnir að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins í síma 470 8000 eða á [afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is).